


# ÁRSSKÝRSLA

Bíldudalsskóli og Tjarnarbrekka



2018-2019

## Efnisyfirlit

---

Inngangur .....	2
Annáll skólaársins .....	2
Ýmsar upplýsingar .....	3
Nefndir og ráð .....	3
Skóladagatöl .....	4
Nemendur Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku .....	5
Nemendapróun síðustu 7 ár .....	5
Skóladagur nemenda .....	6
Nemendafélag .....	6
Starfsmenn Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku .....	7
Þróunarstarf og starfsþróun Bíldudalsskóla .....	7
Áherslur skólaársins .....	7
Þróunarverkefni og símenntun starfsmanna .....	8
Heilsueflandi skóli .....	8
Sjálfsmatsskýrsla .....	9
Samstarf heimilis og skóla .....	9
Haustfundir foreldra .....	9
Skólaráð Bíldudalsskóla .....	9
Foreldrafélag Bíldudalsskóla .....	10
Bekkjafulltrúar fyrir hvert stig .....	10
Skýrslur umsjónakennara og sérkennara .....	11
Yngsta stig .....	11
Skýrsla umsjónakennara á miðstigi .....	14
Unglingastig .....	16
Skýrsla deildarstjóra Tjarnarbrekku .....	23

## Inngangur

---

Ársskýrsla Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku eftir að leik- og grunnskólinn á Bíldudal var sameinaður nú út í fyrsta sinn. Markmiðið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í skólunum. Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólunum er að finna á heimasíðu grunnskólans, <http://www.bildudalsskoli.is>. Skýrslan er gefin út á rafrænu formi og er vistuð á vef skólanna.

## Annáll skólaársins

---

Skólastarfið í Bíldudalsskóla hófst þann 14. ágúst með fimm starfsdögum kennara og starfsfólks, en leikskólinn opnaði eftir sumarfrí þann 31. júlí þar sem skipulagsdagur var 30. júlí hjá starfsmönnum Tjarnarbrekku. Það voru 35 nemendur sem hófu nám á þessu skólaári í grunnskólanum og 8 börn á Tjarnarbrekku. Á skólaárinu bættust þrjú börn við og eru þau núna 11. Skólasetning Bíldudalsskóla var haldin úti í blíðskaparveðri að viðstöddum nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra þann 21. ágúst en skólastarf hófst samkvæmt stundaskrá 22. ágúst.

27. ágúst – 31. ágúst fóru nemendur í 7. bekk í skólabúðir að Reykjum. 6. september var farið í leikhús á Patreksfirði þegar Brúðuheimar sýndu brúðuleikhús í Skjaldborg fyrir leikskólabörn og yngsta stig. 18. september kom List fyrir alla með söngleikinn Björt í sumarhúsi. Haustfundurinn var á sínum stað 19. september og þá voru einnig samræmdpróf hjá 4. og 7. bekk. Norræna skólahlaupið var þann 25. september og 26. Sama mánaðar heimsótti Þorgrímur Þránínsson nemendur og kenndi þeim skapandi skrif o.fl.

18. október var íþróttamót fyrir unglingastig haldið í Tálknafirði. Í lok október var dansnámskeið fyrir alla nemendur en hefð er orðin fyrir því að elstu nemendur leikskólans taki einnig þátt í því. 23. október héldum við uppá alþjóðadag Kabuki heilkennis með fræðslu fyrir nemendur og allir mættu í grænu sem er táknrænn litur heilkennisins.

Í byrjun nóvember héldum við uppá baráttudag eineltis. Dagur íslenskrar tungu var einnig haldinn hátíðlegur. 23. nóvember voru stöðumatsviðtöl og 26. var vetrarfrí.

Í desember er alltaf mikið að gera í jólaundirbúningi í báðum skólum. Fullveldi Íslands varð 100 ára 1. desember og Bíldudalsskóli hélt upp á tímamótin með sýningu söng og gleði. Fjölskyldum var boðið að koma í heimsókn í skólann og sjá afraksturinn. Unglingastigið sá um vöflubakstur og kaffiveitingar og þar ómaði tónlist með lögum sem komust á topplistan árið 1918. Piparkökur eru bakaðar í desember og skólarnir skreyttir. 13. Desember höldum við uppá Lúsíudaginn með söng og Lúsíubrauði. Litlu-jólin voru haldin hátíðleg á báðum stöðum, sungin jólalög og drukkið súkkulaði. Foreldrafélagið styrktu jólasveininn um gjafir fyrir nemendur sem var Múmin diskur. Grunnskólinn fór í jólafrí 20. desember.

Nýtt ár hófst á leikskólanum með skipulagsdegi 2. janúar og nemendur mættu þann 3. Janúar. Grunnskólinn byrjaði á skipulagsdegi 3. janúar og nemendur mættu 4. janúar. 18. janúar voru annarskipti í grunnskólanum. Á bóndadegi 25. janúar buðu nemendur Tjarnarbrekku pöbbum og öfum í hafragraut. 21. janúar hófst vorönn í grunnskólanum.

Kennarar Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku fengu góða gesti í heimsókn þegar starfsfólk Tálknafjarðarskóla kom í heimsókn þann 13. febrúar. Tilefnið var jafningjafraeðsla þar sem skólastjóri Bíldudalsskóla og kennarar kynntu starf og áherslupætti skólans. Kennarar voru með örkynningar þar sem vaxtarhugarfar, námsvísar, uppbyggingarstefnan, leiðsagnarnám og stafræn kennsla var kynnt.

Nemendur í 7.-10. bekk fengu það hlutverk að skipuleggja viðburð og halda utan um hann. Til grundvallar var horft til lykilhæfninnar um sjálfstæði og samvinnu.

7.-10. bekkur ákvað í tilefni Valentínusardagsins 14. febrúar að halda kærleiksdag fyrir alla nemendur skólans. Nemendur funduðu saman og skipulögðu daginn. Nemendur ákváðu að allir mættu koma í sparifötum, þeir útbjuggu kærleikshjörtu sem nemendur skrifuðu kærleiksrík orð á, allir stilltu sér upp við kærleiksvegginn og fengu af sér mynd. Það var farið í leiki, dansaðir voru fortnitedansar og just dance dansar og allir nutu veitinga sem bakstursnefndin bauð upp á.

6. febrúar er dagur leikskólans en af því tilefni settu nemendur leikskólans upp myndlistasýningu á veitingastaðnum Vegamótum. Á konudegi í febrúar buðu nemendur Tjarnarbrekku mömmum og ömmum í hafragraut.

Samræmd könnunarpróf voru 11.-13. mars í 9. bekk. 21. mars var íþróttadagur hjá miðstigi á Patreksfirði. 28. Sama mánaðar var stóra upplestrakeppnin haldin í Tálknafirði þar sem Bíldudalsskóli fór með sigur af hólmi.

Í byrjun apríl var seinni hluti dansnámskeiðsins með Jóni Pétri og var eins og áður elstu nemendur á leikskólanum og allur grunnskólinn sem tók þátt. 11. apríl var árhátíð skólans en þemað í ár var söngleikir.

Maí mánuður var tileinkaður útiveru enda veðrið með eindæmum gott. Síðari hluti sundkennslunnar var í maí ásamt mörgum öðrum verkefnum. Skoppa og Skríttla heimsóttu leik- og grunnskólakrakka á Bíldudal en krakkarnir höfðu beðið eftir þeim með mikilli eftirvæntingu. Þær sungu og dönsuðu með krökkunum og gleðin skein úr hverju andliti. Þemadagar voru í lok maí en á þeim dögum var gróðursett, farið í leiki, bío og ratleikur. Nemendur söfnuðu peningum fyrir UNICEF og ABC barnahjálpi í apríl og maí mánuði. Að lokum var skólaslit og sýning á verkum nemenda 31. maí, þá bauð foreldrafélagið uppá kaffiveitingar. Á skólaslitunum voru nemendur með sýningu, yngsta stigið sýndi Karnival dýranna og mið – og unglíngastig spilðu og sungu í hljómsveit.

Útskriftin á Tjarnarbrekku var á sínum stað í maí en elstu nemendur voru kvaddir með hlýjum orðum, viðurkenningarskjali og sundpoka. Á eftir var boðið uppá grænmetis- og ávaxtahaðborð. Á Tjarnarbrekku var einnig opið hús þar sem verk nemenda voru til sýnis og foreldrafélagið sá um kaffiveitingar.

Skólaárið var mjög árangursríkt og skemmtilegt nemendum til heilla.

Ásdís Snót Guðmundsdóttir,  
skólastjóri.

## Ýmsar upplýsingar

---

### Nefndir og ráð

#### Foreldra- og skólaráð:

Ásdís Snót Guðmundsdóttir, skólastjóri.

Silja Baldvinsdóttir, fulltrúi foreldra barna á leikskóla.

Fannar Freyr Ottósson, fulltrúi foreldra grunnskólabarna.

Rut Ólafsdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskóla.

Klara Berglind Hjálmarsdóttir, fulltrúi kennara grunnskóla.

Margrét Hjartardóttir, fulltrúi starfsfólks.

Magnús Hringur Guðmundsson, fulltrúi nemenda.

Björn Viktor Gústavsson, fulltrúi nemenda.  
 Jörundur Garðarsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins.

**Nemendaráð:**

Magnús Hringur Guðmundsson, formaður.

Björn Viktor Gústavsson, ritari.

Nanna Dís Gísladóttir, meðstjórnandi.

# Skóladagatöl

Skóladagatal Bíldadalsskóla og Tjarnarbreyku er að finna á forsiðu heimasíðu Bíldadalsskóla, [www.bildadalsskoli.is](http://www.bildadalsskoli.is)

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAI	JÚNÍ
1 M	1 L	1 M	1 F	1 L	1 D	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 M	4 F	4 Þ	4 Þ
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ	5 F	5 S	5 M
6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F
7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F
8 M	8 L	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 F	9 S	9 S
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 L	11 L	11 Þ
12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S	14 Þ	14 F
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L
16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 S	17 M	17 F	17 M
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 L	18 L	18 Þ
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F	19 S	19 M
20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F	21 S	21 Þ	21 F
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 L	23 L	23 F	23 F	23 S
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 L	25 F	25 Þ
26 S	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 S	26 M
27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S
31 F		31 M		31 M	31 F		31 S		31 F	

Mynd 1. Skóladagatal Bíldadalsskóla 18-19.

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 L	1 M	1 F	1 L	1 D	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 M	8 L	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 F	9 S	9 S	9 Þ
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F
12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 L	23 L	23 F	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 L	25 F	25 Þ	25 F
26 S	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 M		31 M	31 F		31 S		31 F		31 M



Mynd 2. Skóladagatal Tjarnarbreyku 18-19.

## Nemendur Bíldadalsskóla og Tjarnarbrekku

Haustið 2018 voru 35 nemendur skráðir í skólann og 35 nemendur sem útskrifuðust á skólaslitum. Skipting á kynjum þann 15. október 2018 voru 15 drengir og 20 stúlkur. Á Tjarnarbrekku hófu 7 nemendur nám en nemendum fjölgaði mest í 11 að vori 2019.

### Nemendapróun síðustu 7 ár

Á eftirfarandi töflum má sjá nemendapróun Bíldadalsskóla og Tjarnarbrekku síðustu 8 árin en miðað er við 1. desember ár hvert.



## Skóladagur nemenda

Í stundatöflu Bíldudalsskóla var hver kennslustund 40 mínútur. Fyrsta kennslustund hófst kl. 8:10 og síðustu kennslustundum er lokið kl. 14:45. Hádegishlé var 30 mínútur og hófst kl. 12:05 hjá nemendum. Á morgnana voru tvennar frímínútur, kl. 9:30 hófst 20 mínútna hlé og kl. 11:10 hófst 15 mínútna hlé. Eftir hádegi var hlé kl. 13:55-14:05. Þetta hlé var notað til næringar, útiveru, hreyfingar og slökunar. Oftast var kennt í hléinu eftir hádegi, með samþykki nemenda og farið fyrir heim sem því munaði. Í eða eftir fyrri nesti snæddu nemendur nesti að heiman. 1.-7. bekkur voru úti í frímínútum en 8.-10. bekkur fékk að vera inni. Í frímínútum sinntu skólaliðar og stuðningsfulltrúar gæslu.

Nemendur mið- og unglingastigs fara á Patreksfjörð á föstudögum en þeir sóttu tíma í sundi og heimilisfræði. Farið var á Patreksfjörð kl. 9:30 og komið til baka um kl. 12:30.

Við upphaf leikskólagöngu er gerður skriflegur samningur við foreldra um dvalartíma barnsins. Foreldrum ber að virða þennan samning. Sækja þarf um breytingu á dvalarsamningi með mánaðar fyrirvara og miðast við 1. hvers mánaðar.

7:45-8:30	Tekið á móti börnunum og þau boðin velkomin. Rólegur leikur og spjall.
8:30-9:00	Morgunmatur
9:00-9:15	Samverustund á teppi
9:15-10:00	Hópastarf og frjálst val
10:00-10:15	Ávaxtastund, saga fyrir börnin
10:15-11:15	Hópastarf
11:15-11:30	Söngstund og handþvottur
11:30-12:00	Hádegismatur
12:00-13:00	Hvíldarstund/slökun Eldri börnin gera verkefni tengd læsi og/eða tölum og talnagildi
13:00-14:45	Útivera
15:00-15:30	Síðdegishressing
15:30-16:15	Rólegur leikur og spjall. Börnin kvödd, heimferð.

Mynd 3. Dagskipulag Tjarnarbrekku.

## Nemendafélag

10. gr. grunnskóla fjarlægja um nemendafélag og kemur eftirfarandi fram:

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Nemendur kusu í stjórn félagsins og ákváðu þær starfsreglur að formaður kæmi úr 10. bekk, ritari úr 9. bekk og meðstjórnandi úr 8. bekk. Ráðið fundaði reglulega með umsjónarmanni nemendaráðs Sigurbirni V. Friðgeirssyni og héldu fundargerðir sem eru birtar eru á [heimasíðu skólans](#).

Nemendafélag Bíldudalsskóla skólaárið 2018-2019

1. Magnús Hringur Guðmundsson, 10. b. formaður
2. Björn Viktor Gústavsson, 9. b. ritari
3. Nanna Dís Gísladóttir, 8. b. meðstjórnandi

## Starfsmenn Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku

Starfsmenn skólans voru í allt 7 sem störfuðu í Bíldudalsskóla, kennarar, skólaliði og stuðningsfulltrúar. Þá var einnig stundakennari sem kenndu nemendum heimilisfræði á Patreksfirði. Eftirtaldir starfsmenn störfuðu við Bíldudalsskóla að vori skólaárið 2018-2019:

Nafn	Staður	Netfang
Ágústa Mattý Pálsdóttir	Skólaliði/húsvörður	
Ásdís Snót Guðmundsdóttir	Skólastjóri	asdissnot@vesturbyggd.is
Elínborg Benediktsdóttir	Starfsmaður Tjarnarbrekku	
Emilía Sara Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi	
Heiðís Lind Kristinsdóttir	Umsjón með sérkennslu.	heiddis@vesturbyggd.is
Jóna Runólfsdóttir	Aðstoðarmatráður	
Klara Berglind Hjálmarsdóttir	Umsjónarkennari 8.-10. bekk	klaraberglind@vesturbyggd.is
Lára Þorkelsdóttir	Deildarstjóri Tjarnarbrekku	lara@vesturbyggd.is
Lilja Rut Rúnarsdóttir	Umsjónarkennari 3. og 4. bekk	liljarut@vesturbyggd.is
Margrét S. Hjartardóttir	Stuðningsfulltrúi	ottovald@simnet.is
Marte Engelsen Strandbakken	Umsjónarkennari 1. og 2. bekk	marte@vesturbyggd.is
Ragna Jenny Friðriksdóttir	Umsjónarkennari 5.-7. bekk	ragnajenny@vesturbyggd.is
Rut Ólafsdóttir	Leikskólaliði Tjarnarbrekku	
Signý Sverrisdóttir	Umsjónarkennari 8.-10. bekk	signy@vesturbyggd.is
Sigurbjörn V. Friðgeirsson	Íþróttafraeðingur	sigurbjorn@vesturbyggd.is
Védís Thoroddsen	Matráður	

## Próunarstarf og starfsþróun Bíldudalsskóla

### Áherslur skólaársins

Skólaárið 2018-2019 voru áherslur helst á leiðsagnarnám og vaxtahugarfar vs. fastmótað hugarfar.

Þá voru áherslur einnig á leiðsagnarnám en kennarar fengu áframhaldandi fræðslu á þessu skólaári. Tilgangur leiðsagnarnáms að valdefla nemendur, svo þeir verði færir um að taka ábyrgð á eigin námi. Að mati Shirley Clarke er ein megin forsenda þess að nemendur geti borið ábyrgð á námi sínu sú að nemendur þekki vel námsmarkmið sín og að þeir viti hvernig góður árangur lítur út. Það er hlutverk kennarans að vekja áhuga nemenda á því viðfangsefni sem námskráin kveður á um og gera námið merkingarþætt í hugum þeirra.

Vaxtar hugarfar því felst að við lítum á greind og hæfni sem eitthvað sem hægt er að auka með viðeigandi aðferðum. Vaxtarhugarfar (e. growth mindset) er trúin á að nemandi geti þróað hæfileika þína og hæfni með vinnusemi, góðum aðferðum og hjálp frá öðrum. Á hinn bóginn felur fastmótað hugarfar (e. fixed mindset) í sér að hæfileikum og hæfni nemenda sé ekki hægt að breyta né bæta. Rannsóknir benda til þess að vaxandi hugarfar hafi jákvæð áhrif á áhugahvöt nemenda, geri þeim kleift að einbeita sér við námið, að þeir gefist síður upp og að námsárangur verði betri.

Hrós í tengslum við námið getur haft jákvæð áhrif en það verður að beita þessari aðferð rétt. Hrósið þarf að vera í tengslum við námsferlið og framfarir nemenda annars getur það virkað á gagnstæðan hátt.

Einnig var áhersla á eftirfarandi punkta.



- Fjölbreyttir kennsluhættir
- Námsvísar
- Uppbyggingarstefnan
- Lykilhæfni

## Þróunarverkefni og símenntun starfsmanna

Ákvörðun um námskeið eða fræðslufundi Bíldudalsskóla byggir á stefnu skólans, áherslum hans. Starfsmenn gerðu skólastjóra grein fyrir þeim símenntunarpáttum sem þeir höfðu áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og bæta þekkingu sína. Skólastjóri greindi starfsmanni frá þeim markmiðum sem hann vill að starfsmaðurinn nái.

Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlunin sé ávallt í endurskoðun og geti breyst eftir aðstæðum, tækifærum og verkefnum hverju sinni. Starfsmenn eru hvattir til þátttöku í fræðslu og námskeiðum. Starfsmenn skrá sjálfir menntun sína á þar til gert eyðublað og skila til skólastjóra að vori. Farið er yfir símenntunaráætlunina með starfsfólki að hausti.

Áherslur í starfsþróun starfsmanna í Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku skólaárið 2018-2019:

- Skólanámskrá
- Nám og kennsluhluti skólanámskrár
- Fjölbreyttir kennsluhættir og fjölbreytt námsmat
- Leiðsagnarmat/nám
- Vaxtarhugarfar

Kennarar hafa allir skilað símenntunareyðublaði þar sem viðeigandi tímafjöldi er náð.

## Heilsueflandi skóli

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla (2011) er *Heilbrigði og velferð* nú einn af sex grunnþáttum menntunar. Þátttaka í Heilsueflandi grunnskóla styður skóla í að innleiða þennan grunnþátt í öllu sínu starfi. Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Skólar koma sér upp heildrænni og vel skipulagðri heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild. Þetta er fyrsta skólaárið sem Bíldudalsskóli tekur þátt í verkefninu.

Þann 19. september 2016 sótti Bíldudalsskóli um að vera þátttakandi í þróunarstarfi um Heilsueflandi grunnskóla. Þátttaka felur m.a. í sér að skólinn tilnefni tengilið við Embætti landlæknis, skipar stýrihóp sem er ábyrgur fyrir framgangi starfsins og að Heilsueflandi grunnskóli eigi sér sess í námsskrá skólans. Ragna Jenný Friðriksdóttir er tengiliður Bíldudalsskóla við Embætti landlæknis. Þetta verkefni er langtíma verkefni. Tengiliður nýtti tímann í vetur til að kynna sér verkefnið og innleiðingarferlið og prufukeyra eitt markmið.

Næsta vetur er markmiðið að koma á fót stýrihópi, fá tengilið fyrir Tjarnarbrekku gera þarfagreiningu og ákveða forgangsröðun og flétta markmiðunum inn í námskrár.

Heilsueflandi grunnskóli:

- Stuðlar að heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans.
- Bætir námsárangur nemenda.

- Örvor til þátttöku og ábyrgðar með virðingu fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum og mannréttindum.
- Sér til þess að skólaumhverfið sé öruggt og hlúi að nemendum og starfsfólki skólans.
- Eflir nemendur í námi og félagslífi og til að vera virkir þátttakendur í hvoru tveggja.
- Tengir saman heilbrigðis- og menntamál.
- Tekur á heilsu og vellíðan alls starfsfólks skólans.
- Vinnur með foreldrum og sveitarstjórn.
- Fléttar heilsu og velferð saman við daglegt skólastarf, námskrá og árangursmat.
- Setur sér raunhæf markmið sem byggjast á nákvæmum upplýsingum og gögnum.
- Leitast við að gera æ betur með því að fylgjast sífellt með, meta stöðuna og endurmeta aðgerðaráætlanir

Langtímamarkmið með verkefninu er að Bíldudalsskóli verði með heilðræna stefnu um heilsuefli skólastarf sem fléttast saman við stefnu aðalnámskrá grunnskóla um heilbrigði og velferð sem er einn af grunnþáttum menntunar.

## Sjálfsmatsskýrsla

Sjálfsmatþáttur fyrir skólaárið 2018–2019 er Stjórnun og fagleg forysta en innan þess þema eru eftirfarandi þættir: Faglegt samstarf og samræða, samvirkni í stefnumótun, tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu, umbætur og innleiðing breytinga, vinnulag, verklagsreglur og áætlanir, starfsmannastjórnun og verkaskipting, leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna. Niðurstöður sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun birtast á heimasíðu skólans sumarið 2019.

## Samstarf heimilis og skóla

---

### Haustfundir foreldra

Haustfundur var haldinn 19. september í Bíldudalsskóla en ákveðið var að halda einn sameiginlegan fyrir leik- og grunnskóla. Á þeim fundum var farið yfir helstu áherslur skólaársins, ársskýrsla Bíldudalsskóla starfsáætlun vetrarins, áherslur vetrarins og kynningu á nýjum og breyttum kennsluháttum.

Einu sinni á önn voru formlegir stöðumatsfundir með foreldrum og nemendum. Á þeim fundum er farið yfir stöðu nemandans í formi leiðsagnarmats og ýmiss önnur mál rædd. Á Tjarnarbrekku voru foreldrafundir í mars og apríl þar sem farið er yfir ferlimöppur barnanna.

### Skólaráð Bíldudalsskóla

Við Bíldudalsskóla og Tjarnarbrekku starfar foreldra- og skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun foreldra- og skólaráðs. Hann situr í ráðinu og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í foreldra- og skólaráðinu einn fulltrúi foreldra frá báðum skólastigum, einn fulltrúi kennara frá báðum skólastigum, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar nemenda, einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Reglugerð fyrir skólaráð er að finna [hér](#).

Starfsáætlun skólaráðs er að finna [hér](#).

Fundagerðir skólaráðs er að finna [hér](#).

Fulltrúar skólaráðs skólaárið 2018-2019 voru:

- Ásdís Snót Guðmundsdóttir, skólastjóri.
- Fannar Freyr Ottósson, fulltrúi foreldra grunnskólastigs.
- Silja Baldvinsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólastigs.
- Klara Berglind Hjálmarsdóttir, fulltrúi kennara grunnskóla.
- Rut Ólafsdóttir, fulltrúi kennara leikskóla.
- Margrét Hjartardóttir, fulltrúi annars starfsfólks.
- Magnús Hringur Guðmundsson, fulltrúi nemenda.
- Björn Viktor Gústavsson, fulltrúi nemenda.
- Jörundur Garðarsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins

## Foreldrafélag Bíldudalsskóla

15. nóvember var haldinn fyrsti fundur sameinaðs foreldrafélags (Tjarnarbrekku og Bíldudalsskóla) í Bíldudalsskóla.

### Stjórnina skipa:

Formaður: Anna Vilborg Rúnarsdóttir

Gjaldkeri: Eva Lind Guðmundsdóttir

Meðstjórnendur: Klara Berglind Hjálmarsdóttir og Marte Engelsen Strandbakken

Allir sem eiga börn á grunn- eða leikskólaaldri eru meðlimir í foreldrafélagi Bíldudalsskóla. Samþykkt var að hafa félagsgjald 2000kr á fjölskyldu fyrir og eftir áramót. Greiðsluseðill kemur í heimabankann.

Samþykkt að auglýsa á fésinu eftir áhugasömum foreldrum að sjá um fjáröflun á jólabasar 1. desember. Hugmynd að hafa vöflur og kaffi/kakó. Ef einhverjir hafa áhuga bóka þá bás, ef enginn áhugi verður þá verður enginn bás með fjáröflun fyrir foreldrafélagið.

Samþykkt að taka þátt með foreldrafélaginu á Patreksfirði að fá leikhópinn Lottu vestur með sýningu.

Foreldrafélagið skipti með sér umsjón með einstaka viðburðum á vegum félagsins. Helstu verkefni eru:

- Jólasúkkulaði við tendrun jólatrés.
- Jólaföndur
- Jólagaðir og jólasveinar fyrir leikskólann
- Grímuball
- Árshátíð
- Páskabingó
- Sveitaferð
- Skólaslit grunnskólinn
- Opið hús leikskólinn

Bekkjafulltrúar grunnskóla sjá um eitt bekkjagaman á önn (Bara eftir áramót þetta skólaár)

Þeim er ætlað að skipuleggja hópeflisviðburði eða uppákomur fyrir hvert stig. Fulltrúarnir skipuleggja sín á milli hvað skemmtilegt væri að gera saman:

## Bekkjafulltrúar fyrir hvert stig

Bekkjafulltrúar grunnskóla sjá um eitt bekkjagaman á önn (bara eftir áramót þetta skólaár). Þeim er ætlað að skipuleggja hópeflisviðburði eða uppákomur fyrir hvert stig. Fulltrúarnir skipuleggja sín á milli hvað skemmtilegt væri að gera saman:

**Unglingastig:** Ásdís Snót Guðmundsdóttir, Valdimar B. Ottósson, Klara Berglind Hjálmarsdóttir og Bjarni Elvar Hannesson.

**Miðstig:** Ingibjörg Björnsdóttir, Marte Engelsen Strandbakken og Kristian Matthíasson

**Yngsta stig:** Eva Lind Guðmundsdóttir, Jón Ragnar Gunnarsson, Ragna Berglind Jónsdóttir og Hjalti Jónsson.

## Skýrslur umsjónakennara og sérkennara

---

### Yngsta stig

**Kennari: Lilja Rut Rúnarsdóttir og Marte Engelsen**

#### Strandbakken

**Bekkur:** 1. – 4. bekkur

Nemendur í 1. – 4. bekk voru alls 17. Marte var skráð umsjónarkennari fyrir 1. og 2. bekk og Lilja Rut var umsjónakennari fyrir 3. og 4. bekk. Heiðdís Lind Kristinsdóttir og Lilja Rut voru í teymiskennslu í náttúru- og samfélagsgreinum og upplýsinga- og tæknimennt. Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson kenndi íþróttir og sund. Klara Berglind Hjálmarsdóttir sá um sjónlistir hjá 1.-2. bekk og list- og verkgreinar hjá 3.-4. bekk. Stuðningsfulltrúar voru Margrét S. Hjartardóttir og Emilía Sara Bjarnadóttir.



#### Kennslustundir

Nemendur fengu alls 30 kennslustundir sem skiptist í íslensku, stærðfræði, samfélagsgreinar, náttúrugreinar, list- og verkgreinar, smíðjur, skólaíþróttir, upplýsinga- og tæknimennt, tónmennt, ensku, val og sund.

#### Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi 1. bekkjar var að nemendur:

- Þjálfri hljóð- og málvitund sína
- Læri heiti og hljóð allra bókstafa íslenska stafrófsins
- Geti dregið rétt til stafs
- Geti umskráð og hljóðað einfaldan texta
- Átt góð samskipti, sýnt kurteisi og virðingu
- Efli og styrki talnaskilning með fjölbreyttri talnavinnu
- Unnið með tölur upp í 50 og samlagningu
- Þjálfist í ólíkum vinnubrögðum, s.s. hópvinnu- og einstaklingsvinnubrögðum.

Meginmarkmið í starfi 2. bekkjar var að nemendur:

- Átt góð samskipti, sýnt kurteisi og virðingu
- Auki orðaforða sinn og lesskilning
- Riti hástafi og lágstafi þar sem við á
- Nýti orðaforða sinn í sögugerð
- Vandí frágang verkefna
- Átti sig á mikilvægi stærðfræðinnar í hversdagsleikanum.
- Þjálfist í samlagningu og frádrætti
- Geti unnið með tölur upp í 100
- Geti notað tugakerfisrithátt
- Þjálfist í ólíkum vinnubrögðum, s.s. hópvinnu- og einstaklingsvinnubrögðum



Meginmarkmið í starfi 3. bekkjar var að nemendur:

- Auki lestrarhraða sinn
- Geti aflað sér upplýsinga bæði á bókum og á rafrænu formi
- Beiti einföldum stafsetningarreglum
- Geti nýtt tækni við vinnu sína t.d. við skapandi skrif
- Geri sér grein fyrir ólíkum hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- Geti unnið með mælingar: lengd og vigt.
- Noti orðaforða sinn við að leysa viðfangsefni stærðfræðinnar
- Þjálfist í reikniaðgerðunum margföldun og deilingu
- Læri margföldunartöflurnar frá 2 til 5.
- Auki orðaforða sinn á enskri tungu
- Kynnist nýjum tæknibúnaði og geri sér grein fyrir notagildi hans
- Þjálfist í ólíkum vinnubrögðum, s.s. hópvinnu- og einstaklingsvinnubrögðum

Meginmarkmið í starfi 4. bekkjar var að nemendur:

- Auki lestrarhraða sinn
- Geti lesið sér til yndisauka og valið sé lesefni eftir áhuga og þörfum
- Samið texta frá eigin brjósti
- Skrifað texta og flutt hann fyrir aðra
- Geti nýtt tækni við vinnu sína t.d. við skapandi skrif
- Geri sér grein fyrir ólíkum hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- Þjálfist í reikniaðgerðunum margföldun og deilingu
- Læri margföldunartöflurnar frá 2 til 10
- Geri greinamun á jákvæðum og neikvæðum tölum
- Auki orðaforða sinn á enskri tungu
- Kynnist nýjum tæknibúnaði og geri sér grein fyrir notagildi hans
- Þjálfist í ólíkum vinnubrögðum, s.s. hópvinnu- og einstaklingsvinnubrögðum

**Þemaverkefni árganga**

- Hver er ég
  - Ísland
  - Heimabyggð
  - Húsið mitt
- Himingeimurinn
- Skrímsli
- Veður og árstíðir
- Manngerð náttúra
- Smiðjuverkefni
  - Risaeðlur
  - 100 ára lýðveldi Íslands
  - Útismiðjur



### Skipulag kennslunnar

Í hefðbundinni kennslu er nemendum skipt upp í tvo hópa, 1. og 2. bekkur er þá saman og 3. og 4. bekkur í sinni kennslustofu. Unnið er með sama þema í náttúru- og samfélagsgreinum hjá öllum árgöngum en misjafnt var yfir veturinn hvort unnið var þvert á árganga eða þeim skipt upp.

### Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf og samstarf heimila og skóla gekk vel. Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar sinnum yfir skólaárið. Foreldrum var boðið á viðburði í skólanum svo sem námsgagnakynningu, árshátíð og sýningu við smiðjulok. Foreldrar skipulögðu hópefli fyrir nemendur á vorönn.

### Viðburðir

Lúsíudagurinn 13. desember var hátíðlega haldið upp á með Lussekatter og söngur frá 1. og 2. bekk.

### Ferðir

- Vettvangsferðir í fyrirtæki og stofnanir
- Gróðursetning
- Leikhúsferðir á Bíldudal

### Ástundun nemenda

- Veikindadagar samtals á stiginu voru 84 dagar og 9 stundir
- Leyfisveitingar voru samtals 106 dagar og 9 stundir
- Seinkomur voru samtals 31 stundir
- Fjarvistir voru samtals 0 dagar og 5 stundir

### Námsmat

1. bekkur: Stafakannanir eru lagðar reglulega fyrir yfir skólaárið. Lesferill – lesskimun Leið til læsis lagt fyrir í september. Lesfimiþróf Menntamálastofnunar lagt fyrir í september, janúar og maí fyrir þá nemendur sem höfðu náð tókum á lestri.

2. – 4. bekkur: Lesferill – lesskimun Leið til læsis lagt fyrir í september. Lesfimiþróf Menntamálastofnunar lagt fyrir í september, janúar og maí fyrir þá nemendur sem höfðu náð tókum á lestri.

## Mat á vetrinum

Í heildina hefur veturinn gengið vel. Kennarar og nemendur eru enn að vinna í að breyta kennsluháttum þar sem farið er út úr bókinni og fjölbreytt verkefni sem krefjast ólíkra lausnaleyða. Aukin áhersla hefur verið á samvinnu milli nemenda við verkefnavinnu. Mikil áhersla hefur verið lögð í lestur og lestrarfærni. Í vetur hefur skólinn tileinkað sér vaxtar hugarfar í námi og kennslu.

## Skýrsla umsjónakennara á miðstigi

**Kennari: Ragna Jenný Friðriksdóttir**

Aðrir kennarar sem kenndu á stiginu voru: Klara Berglind Hjálmarsdóttir, Marte Engelsen Strandbakken, Signý Sverrisdóttir, Ásdís Snót Guðmundsdóttir, Heiðís Lind Kristinsdóttir, Sigurbjörn V. Friðgeirsson, María Ósk Óskarsdóttir

### Samsetnings stigsins

Í 5. bekk voru 5 nemendur, 3. stúlka og 2 drengir. Í 6. bekk voru 2 nemendur, ein stúlka og einn drengur. Í 7. bekk voru 2 nemendur, 1. stúlka og 1. drengur.

### Kennslustundir

Nemendur fengu alls 35 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, samfélagsgreinar, náttúrufræðigreinar, list og verkgreinar, skólaípróttir, upplýsinga og tæknimennt, tónmennt, dönsku og ensku.



### Helstu áherslur árgangans/stigsins

5. bekkur: Hæfnimiðað nám, leiðsagnarmat, vaxtarhugarfar, sköpun, samskipti og samvinna.


6. bekkur: Hæfnimiðað nám, leiðsagnarmat, vaxtarhugarfar, sköpun, samskipti, samvinna og sjálfstæð vinnubrögð

7. bekkur: Hæfnimiðað nám, leiðsagnarmat, vaxtarhugarfar, sköpun, samskipti, samvinna, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýnin hugsun.



### Þemaverkefni stigsins

Sjálfbærni/ heimabyggð. Nemendur á miðstigi og unglingastigi unnu saman að þessu verkefni. Þeim var skipt upp í hópa og verkefnið fólst í því að nemendur kynntust nærumhverfi sínu og sjálfbærni hugtakinu. Krakkarnir lærðu um örnefni, staði og byggingar og fundu út hvað er að finna á svæðinu sem við búum á. Hvernig hægt er að nýta það sem fyrir er eða hvernig það væri hægt að nýta það betur. Einnig komu nemendur með hugmyndir að því sem þeir myndu vilja sjá á svæðinu. Margar góðar hugmyndir litu dagsins ljós. Til dæmis skáli upp á fjalli sem byggður væri úr efni sem hægt væri að sjá í gegnum þannig að ferðamenn gætu notið stjörnuþjartrar næturinnar og norðurljósa. Nemendur bjuggu einnig til fjölskyldur og komu með



hugmyndir að því hvernig þær gætu orðið eins sjálfbærar og unnt væri. Farið var sérstaklega í hvað orðið sjálfbærni þýðir.

100 ára fullveldisafmæli Íslands. Allir bekkir tóku þátt í þessu verkefni og var verkefnið sett upp þannig að einstaklingsframtakið var í öndvegi. Hver nemandi fékk eitt ár til að fjalla um, leitaði að áhugaverðum atburði sem gerðist það ár og kom upplýsingunum á framfæri á blaði sem var hengt upp á vegg. Einnig var fjallað um hvern og einn forseta, stiklað var á stóru í 100 ára sögu rafstöðvarinnar á Bíldudal sem átti einnig 100 ára afmæli og fjallað var um sögu Bíldudals í leiðinni. Í smíðjulok var haldin sýning þar sem allir voru velkomnir.

### Risaeðlusmiðjur

### **Skipulag kennslunnar/kennsluhættir**

Mikil áhersla var lögð á einstaklingsmiðað nám og leiðsagnarmat þar sem lögð er áhersla á að hver nemandi fær verkefni við hæfi svo hann geti vaxið í námi, viti hvar hann standi og hvert hann ætlar að stefna. Fjölbreyttum kennsluháttum er beitt, það er bein innlögn frá kennara, samræður, hópa og samvinna og rík áhersla er lögð á að nýta sér upplýsingatækni við nám. Öll kennsla miðast við hæfnimiðað nám þar sem lögð er áhersla á að nemendur nái tilteknum hæfniviðmiðum og færni og nái að tileinka sér ákveðna þekkingu.

### **Foreldrasamstarf**

Áhersla var lögð á gott foreldrasamstarf. Haldnir voru kynningarfundir þar sem námsefni var kynnt og nýtt námsmat. Einnig voru hefðbundin stöðumatsviðtöl. Sérstök síða á facebook var fyrir miðstigið þar sem fréttir af skólastarfinu voru settar inn. Fréttabréf var sent út rafrænt alla föstudaga og skipaðir voru bekkjafulltrúar úr röðum foreldra. Áhersla var lögð á að ítreka aðgang að kennara og foreldrar hvattir til að hafa samband. Foreldrar tóku þátt í viðburðum á vegum skólans og skiptu með sér verkum á þeim.

### **Ferðir**

- 7. bekkur fór á Reyki í Hrótafirði.
- 5. bekkur fór í sveitaferð á Barðaströndina.
- Farið var í fjöruferð á haustdögum þar sem dýralífið í fjörunni var skoðað.
- Á vordögum var farið á Patreksfjörð þar sem skoðuð var myndlistarsýning í Húsinu og farið í bíó í Skjaldborg.
- Miðstigið tók þátt í íþróttadegi á Patreksfirði.

### **Ástundun nemenda**

- Veikindadagar samtals á stiginu voru 58 dagar og 18 stundir
- Leyfisveitingar voru samtals 77 dagar og 9 stundir.
- Seinkomur voru samtals 41 stundir.
- Fjarvistir voru samtals 1 dagur og 8 stundir.

### **Námsmat**

Í forgrunni er að beita fjölbreyttu námsmati og að nemendur viti alltaf hvað er verið að meta og hvers er ætlast til af þeim. Lagðar eru fyrir kannanir, verkefni eru metin, það er sjálfsmat og jafningjamat en fyrst





og fremst er beitt leiðsagnarmati. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl. til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. Í leiðsagnarmati er lög áhersla á að endurgjöf sé regluleg í námsferlinu, hafi skýran tilgang, sé greinandi, jákvæð og gagnleg. Markviðamiðuð próf og verkefni eru lögð fyrir en í því felst að árangur nemenda er borinn saman við fyrirfram gefin markmið eða frammistaða hvers einstaks nemanda er borin saman við skilgreind viðmið. Niðurstöður matsins eru túlkaðar út frá markmiðum, námsþáttum eða inntaki námsefnis.

### Mat á vetrinum

Skólaárið í heild sinni gekk mjög vel. Nemendahópurinn var flottur og samheldinn og náðist upp góður bekkjarandi. Við erum komin vel á leið með að innleiða nýtt námsmat og kennsluhættir hafa breyst í kjölfarið. Nemendur taka þessum breytingum fagnandi og eru farnir að tileinka sér nýja hugsun sem felst í hæfnimiðuðu námi. Einnig eru nemendur orðnir sjálfstæðari í þekkingarleit sinni og hefur þeim farið fram í gagnrýnni hugsun, sjálfstæðum vinnubrögðum og skapandi lausnarhugsun. Nemendum finnst gaman í skólanum, eru yfirleitt jákvæðir og viljugir til verka. Agavandamál eru engin og samstarf við foreldra er á jákvæðum nótum. Samvinna kennara gekk vel en mætti að ósekju vera enn meiri. Mikill tími hefur farið í að innleiða nýtt námsmat og skipuleggja kennslustundir með það að markmiði að kennsluhættir fylgi nýjum kröfum um hæfnimiðað nám.

### Önnur atriði sem vert er að nefna

Í Bíldudalsskóla eru sérlega samheldnir og metnaðarfullir kennarar sem stefna allir í sömu átt. Við erum leiðandi skóli og stefnum að því að vera framúrskarandi og til fyrirmyndar fyrir aðra. Jákvæðni og gleði einkennir skólastarfið og sú víska að allir nemendur geta tileinkað sér þekkingu og hæfni með rétttri leiðsögn. Rík áhersla er lögð á að öllum líði vel í skólasamfélaginu.

## Unglingastig

### Kennari: Klara Berglind Hjálmarsdóttir

**Aðrir kennarar sem kenndu á stiginu voru:** Signý Sverrisdóttir kom inn 1. mars eftir fæðingarorlof og vorum við þá báðar umsjónakennarar. Signý tók við íslenskunni og dönskunni og var í teymiskennslu í samfélagsgreinum og smiðjum. Ragna Jenný Friðriksdóttir kenndi stærðfræði og samfélagsgreinar, Marte Strandbakken kenndi ensku, tónmennt og valgreinar: leiklist, útivist, skapandi skrif. Ásdís Snót Guðmundsdóttir kenndi dönsku áður en Signý kom aftur, Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson kenndi náttúrufræði og skólaípróttir. Klara Berglind kenndi íslensku, smiðjur, list- og verkgreinar og valgreinar: Pappamassa, textílmenn, fatasaum, málun, áhugasvið. María Ósk Óskarsdóttir kenndi heimilisfræði á Patreksfirði samhliða sundkennslu nemenda. Jón Pétur sá um dansnámskeið.



### Samsetnings stigsins

Í 8. bekk voru 2 nemendur, 2 stúlkur. Í 9. bekk voru 4 nemendur, þrír drengir og 1 stúlka. Í 10. bekk voru 3 nemendur, 2 stúlkur og 1 drengur.

## Kennslustundir

Nemendur fengu alls 37 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, samfélagsgreinar, náttúrufræðigreinar, list- og verkgreinar, ensku, dönsku, skólaípróttir, tónmennt, heimilisfræði, val og smiðjur.

## Helstu áherslur árgangsins/stigsins

- Vaxtarhugarfar
- Leiðsagnarnám
- Hæfnimiðað nám
- Samskipti
- Sköpun
- Samvinna
- Gagnrýnin hugsun




## Þemaverkefni stigsins

### Heimabyggðin okkar með áherslu á sjálfbærni og umhverfismennt

#### Hæfniviðmið

- **Íslenska** – Ritun
  - **Náttúrugreinar** – Gildi og hlutverk vísinda, ábyrgð á umhverfinu, heilbrigði umhverfis
  - **Samfélagsgreinar** - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning
  - **Upplýsinga- og tæknimennt** – Vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla
  - **Lykilhæfni** – Sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi
- Unglingastig ásamt miðstigi unnu saman í hópum og sem einstaklingar að verkefnum um heimabyggðina. Örnefni í umhverfinu, hvað er til staðar og hvað má bæta. Einnig unnu nemendur með nýsköpun í heimabyggð.



### 100 ára Lýðveldi Íslands

#### Hæfniviðmið

- **Íslenska** – Ritun, lestur og bókmenntir

- **Upplýsinga- og tæknimennt** – Vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla
- **Samfélagsgreinar** - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning
- **List- og verkgreinar** - Menningarlæsi
- **Lykilhæfni** – Sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi




Í tilefni af 100 ára lýðveldi Íslands vann allur skólinn saman að uppsetningu tímalínu þar sem öll hundrað árin frá lýðveldi voru tekin fyrir með þeim hætti að nemendur drógu sér ár og fundu upplýsingar sem gerðust það ár sem þeim þóttu markverðar. Einnig voru vinsælustu brandararnir árið 1918 leitaðir uppi, forsetar Íslands fengu sitt pláss og ýmislegt fleira. Í lok smiðjunnar var foreldrum og forráðamönnum boðið í heimsókn. Unglingastigið sá um vöflubakstur og topp 10 vinsælustu lög 1918 ómuðu undir. Bæjarstjóranum var boðið og þáði hún boðið.



Risaeðlusmiðjur

Hæfniviðmið

- **Íslenska** – Ritun, lestur og bókmenntir, málfræði,
- **Náttúrugreinar** – Gildi og hlutverk vísinda, ábyrgð á umhverfinu, heilbrigði umhverfis
- **Samfélagsgreinar** - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning
- **Upplýsinga- og tæknimennt** – Vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla
- **List- og verkgreinar** – Sjónlistir,
- **Stærðfræði** - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar
- **Lykilhæfni** – Sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi



Öllum skólanum var skipt upp í hópa sem flökkðu á milli stöðva með fjölbreyttum verkefnum.

1. **Stærðfræðistöð** – Hér unnu nemendur með stærðarhlutföll fótspora risaeðlunnar. Hversu mörg fótspor nemenda komast fyrir inn í einu fótspori Nashyrningseðlu.
2. **Þrívíddarstöð** – Hér gerðu nemendur tvær tegundir af risaeðlum, grameðlu og nashyrningseðlu úr pappamassa (þó ekki í raunstærð).



3. **Steingervingastöð** – Hér bjuggu nemendur til sína eigin steingervinga með leir og stimplun, fræddust um störf fornleifafræðinga og gerðu sína eigin beinagrind af risaeðlu úr pappír.
4. **Ljóða og sögustöð** – Hér sömdu nemendur ljóð/sögu um risaeðlu og myndskreyttu.
5. **Landfræðistöð** – Hér völdu nemendur sér risaeðlutegund, fundu upplýsingar um útlit hennar og einkenni og leituðu upplýsinga hvar í heiminum þær áttu sér samastað.
6. **Risaeðluveröld** – Hér unnu nemendur að uppsetningu risaeðluveraldar þar sem öllum verkefnum var safnað saman til sýningar.



### Söngleikjasmíðjur

#### Hæfniviðmið

- **Sviðslistir** – Leiklist
- **Lykilhæfni** - Sjálfstæði og samvinna, ábyrgð og mat á eigin námi



Bíldudalur setti upp söngleikjaþema fyrir árshátíð skólans. Unglingastigið tók fyrir söngleikinn Grease við góðar undirtektir áhorfenda.



### Útismiðjur

Hæfniviðmið

- **Lykilhæfni** – Sjálfstæði og samvinna, samskipti og skipulagsfærni,
- **Náttúrugreinar** – nýsköpun og hagnýting þekkingar, vinnubrögð og færni í náttúrugreinum
- **List- og verkgreinar** – Sköpun, hönnun og útfærsla,



Síðasta smiðja skólaársins var útismiðja. Öllum skólanum var skipt upp í hópa og hver hópur fékk sína vinnubók. Þar inni voru leiðbeiningar verkefna og hópurinn þurfti að skila af sér skýrslu í bókina eftir hvert verkefni. Taka átti ljósmyndir af vinnuferli og verkefnum og setja í bókina.




### Fleiri fjölbreytt verkefni

**Miðlífsöld** – Unglingastigið vann verkefni þar sem þrír hópar unnu með hvert tímabil miðlífsaldar, gerðu þrívíddarheim og risaeðlur úr pappmassaleir.

**Listamaðurinn minn** – Nemendur völdu sér listamann. Unnu greinargerð og málverk.



**Space shuttle design** – Í ensku unnu nemendur að hönnun geimflugar sem hafði ákveðið verkefni að vinna. Kynntu verkefnið fyrir kennurum og 3. – 4. bekk. Fengu spurningar úr sal eftir kynningu.



**Stofna veitingastað** – Nemendur unnu verkefni í stærðfræði þar sem þau áttu að stofna sitt eigið fyrirtæki og taka með í reikninginn laun og launatengd gjöld, rekstrarkostnað og margt fleira. Raunverulegt stærðfræðidæmi sem var bæði krefjandi og skapandi.



**Leikinn þáttur úr Náðarstund** – Nemendur unnu verkefni þar sem þau áttu að velja sér þátt úr bókinni Náðarstund sem þau voru búin að lesa í bókmenntum, setja skipulega upp handrit og taka þáttinn upp, kynna og sýna.

**Nemendastýrð stöðumatsviðtöl á vorönn** – Nemendur tóku meiri ábyrgð á stöðumatsviðtölunum í vor með því að skipuleggja þau í samvinnu við kennara. Þau stýrðu viðtalinu sjálf. Fóru með gagnrýnum augum yfir nám sitt í vetur og völdu verkefni til að sýna foreldrum. Þetta tókst mjög vel og verður framvegis svona.

### **Skipulag kennslunnar/kennsluhættir**

Skipulag kennslunnar er byggt upp á hæfnimiðuðu námi, grunnþáttum menntunar, leiðsagnarnámi og vaxtarhugarfari. Kennari skipuleggur verkefni sín þannig að þau styðji við nemendur til að ná settum markmiðum. Rík áhersla er á einstaklingmiðað nám og fjölbreyttum kennsluaðferðum er beitt. Skipulag kennslunnar byggir bæði á einstaklingsverkefni en einnig leggjum við mikla áherslu á hópastarf, samskipti og samvinnu. Nýir námsvísar eru í smíðum þar sem lögð er áhersla á samþættingu námsgreina og grunnþætti menntunar. Með grunnþáttum menntunar er lögð áhersla á að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis – og lýðræðissamfélagi. Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag.

### **Foreldrasamstarf**

Mikil áhersla er lögð á gott og uppbyggilegt foreldrasamstarf í Bíldudalsskóla. Við skrifum fréttabréf í forritinu spark og deilum því á mentor og eða Seesaw til foreldra í hverri viku með upplýsingum um starfið sem unnið var í vikunni og starfið sem er fram undan. Bréfin eru skemmtileg, jákvæð og með myndum frá starfinu. Foreldrar fá stöðumatsviðtöl einu sinni á önn þar sem farið er yfir stöðu nemandans í námi og starfi skólans. Einnig er foreldrum boðið á uppskeruhátíðir smiðjanna með

reglulegu millibili. Foreldrum stendur alltaf til boða að koma og taka þátt í kennslustundum barns síns ef vilji er fyrir því.

#### **Ferðir**

- Íþróttadagur í Tálknafirði
- Bíóferð á vordögum

#### **Ástundun nemenda**

- Veikindadagar samtals á stiginu voru 36 dagar og 31 stundir
- Leyfisveitingar voru samtals 85 dagar og 19 stundir
- Seinkomur voru samtals 26 stundir
- Fjarvistir voru samtals 8 stundir

#### **Námsmat**

Áhersla er lögð á fjölbreytt námsmat í öllum fögum. Nemendur hafa val um hvernig þeir vilja skila af sér verkefnum og má þar nefna á tölvutæku formi, Google Classroom, heimasíðugerð, Book creator og ýmis forrit, skyggnusýning, myndband, hljóðupptaka, kynningar af ýmsum toga, bæklingar, veggspjöld og margt fleira. Leiðsagnarmat er í forgrunni hjá okkur og erum við kennarar alltaf að bæta okkur í þeim vinnubrögðum. Við kennarar höfum setið þrjú námskeið í leiðsagnarnámi hjá Nönnu Kristínu Christiansen í gegnum Skype þar sem hún fer skref fyrir skref yfir leiðina að framúrskarandi vinnubrögðum í leiðsagnarmati og við verðum alltaf betri og betri fagmenn fyrir vikið.

#### **Mat á vetrinum**

Skólaárið í heild gekk mjög vel. Kennarar eru orðnir færari í breyttum kennsluháttum, búnir að auka við sig mikilli þekkingu um leiðsagnarnám og vaxtarhugarfar. Nemendur eru orðnir öruggari með að setja sér markmið í námi, skilja hæfniviðmiðin sem unnið er með og eru farnir að tileinka sér í auknum mæli vaxtarhugarfar. Þau vinna markvisst allan veturinn saman í hópverkefnum og læra samvinnu, samskipti, skapandi og gagnrýna hugsun. Nemendur eru meira innvinklaðir í nám sitt og taka meiri ábyrgð. Þau beita fjölbreyttum aðferðum við úrlausn verkefna og upplýsingaöflun. Crome book tölvurnar sem unglíngastigið fékk í haust hafa gert nemendur sjálfstæðari og vinnusamari í námi sínu í vetur og auka gæði nemenda og valkosti við verkefnavinnu. Agavandamál eru mjög fátíð og nemendur jákvæðir, samheldnir og metnaðargjarnir.

## **Skýrsla deildarstjóra Tjarnarbrekku**

**Kennarar:** Lára Þorkeldsdóttir, Elínborg Benediktsdóttir, Rut Ólafsdóttir

#### **Samsetning hópsins**

Nemendur Tjarnarbrekku voru 9 alls þegar byrjað var í haust, síðan fjölgaði um 2 eftir áramót og voru börnin þá 11 alls. Það voru tveir í skólahóp, einn á fimmta ári, einn á fjórða ári. Þrjár eru á þriðja ári, þrjár á öðru ári og einn á fyrsta ári. Skólahópnum og næstu tveimur árgöngum voru saman í stofu. Lára er deildastjóri og var með 3 eldri árganganna fimm, fjögurra og þriggja ára, Rut og Elínborg með yngri hópinn. Á yngri deildinni voru 2 árgangar, þrjár fæddar 2017, tvær fæddar 2016 síðan bættist einn við sem er 2018. Sigurbjörn V Friðgeirsson kenndi fjórum árgöngunum íþróttir einu sinni í viku í íþróttahúsinu. Síðan þegar voraði fórum við með alla hópinn í íþróttahúsið.



Klara Berglind kom einu sinni í viku og kenndi myndlist. Marte kom og kenndi tónlist einu sinni í viku yngri og eldri hópum til skiptis. Trappa var notuð í sérkennslu einu sinni í viku.

### Helstu áherslur yngri hóps

- Læra að deila leikföngum
- Læra að telja upp að 10
- Auka orðaforða
- Læra að syngja vísur
- Syngja Lubba
- Syngja um dagana
- Hlusta á sögur



### Helstu áherslur eldri hóps

- Læra stafi og hvaða hljóð þeir segja
- Telja upp að 30 áfram og aftur ábak
- Leggja saman tölur upp að 10 og draga frá
- Læra vikudagana
- Læra mánuðina
- Sýna kurteisni og virðingu
- Ríma



### Þemavinna

- Fjölskyldan
- Smiðjuverkefni
- Risaeðlur
- Konungur ljónanna



### Skipulag starfsins

Í hefðbundinni kennslu er rólegt spjall og leikur þegar börnin eru að tínast inn.

- Morgunmat er um 8:30 – 9:00
- Morgunstund, dagurinn í dag, árið og talið áfram og aftur ábak
- Rólegt spjall og passa að allir fái að tala og sega frá, hinir hlusta
- Frjáls leikur
- Skipt í hóp tekið fyrir talnagildi eða stafir tala um talnagildi, þekkja stafina.
- Útivist alla daga, börnin læra að klæða sig eftir veðri, farið í gönguferðir og skógaferðir.

### Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf og samstarf heimila og skóla gekk vel.

Foreldraviðtöl voru haldin einu sinni yfir skólaárið á vorönninni. Foreldrum var boðið á viðburði í



leikskólanum svo sem foreldrakaffi í desember, pöbbum og öfum boðið í bóndadagsgraut á bóndadeginum, mömmum og ömmum í konudagskaffi á föstudegi fyrir konudaginn. Svo var opið hús og sýning á verkum nemendanna.

### **Annað samstarf**

Samstarf milli leik- og grunnskóla var mjög gott og mikið í vetur.

### **Brúum Bilið**

Elsti árgangurinn fór í skólann reglulega einu sinni og stundum tvisvar í viku í skólaheimsóknir. Þar sem þau tóku þátt í þemavinnum og ýmsum hópavinnu. Elstu tveir árgangarnir fara í danskennslu með yngsta stiginu í grunnskólanum. Síðan var yngsta stiginu úr grunnskólanum boðið til okkar á leikskólann nokkrum sinnum yfir veturinn, meðal annars í desember þegar við kveiktum á jólatrénu okkar, sungin voru jólalög og buðum við þá uppá kakó og piparkökur og var drukkið úti.



### **Mat á vetrinum**

Veturinn hefur gengið vel þar sem elsti árgangurinn í leikskólanum og yngsta stigið í grunnskólanum hafa verið með aukna samvinnu. og að kennararnir fara á milli með sína góðu þekkingu er alveg frábært innlegg í leikskólann. Nemendur elsta stigsins koma einu sinni í viku og voru í 40 mín í senn með börnunum í leik og starfi, úti og inni yfirleitt biðu börnin spennt eftir þeim heimsóknum.

### **Önnur atrið sem vert er að nefna:**

Nemendurnir á Tjarnarbrekku héldu myndlistasýningu á veitingahúsinu Vegamót á degi leikskólans þann 6. feb 2019 og skrifuðu gestir og gangandi í gestabók sem var látinn liggja frammi. Fengum við svo kakó og vöffur í tilefni dagsins. Nemendur Tjarnarbrekku tóku svo þátt í árshátíð grunnskólans og var það mjög skemmtilegt. Setjum niður og tókum upp kartöflur og grænmeti á hverju ári.



## Skýrsla um sérkennslu

Með sérkennslu er átt við stuðningskennslu eða sérkennslu sem fram fer hjá sérkennara eða kennara. Þar er unnið með afmarkaða námsþætti og/eða námsþætti árgangs í fámennum hópi eða einstaklingslega inni í heimastofu eða í öðru rými. Alls nutu 7 nemendur (20%) Bíldudalsskóla slíkrar kennslu.

Kennarar: Heiðdís Lind Kristinsdóttir, kennari sem sá um sérkennslu fyrir 1. – 10. bekk ásamt Signýju Sverrisdóttur (frá apríl 2019).

### Helstu áherslur

Áherslur vetrarins voru að þróa starfshætti sem miða að skóla án aðgreiningar þar sem nemendur fá aðlagð námsefni að þörfum inn í bekk í samráði við kennara. Tekið var út í einstaklingstíma eftir þörfum og námsefni hverju sinni.

### Skipulag

Sérkennari hafði yfirumsjón með sérkennslu sem felst m. a. í:

- Umsjón á skipulagi sérkennslunnar innan skólans
- Aðstoð og ráðgjöf við kennara
- Að fylgjast með gengi nemenda í sérkennslu
- Stuðning við starf stuðningsfulltrúa, fundir a.m.k. 2x í mánuði eða eftir þörfum.
- Fundum með bekkjarkennurum, foreldrum, sérfræðingum o.fl.
- Umsjón með tölvuskráningu á einstaklingsnámskrám nemenda með sérkennsluþarfir
- Að sjá til þess að niðurstöður sérfræðinga sé komið í skjalaskáp til varðveislu
- Samskiptum við sérfræðinga hjá Tröppu og umsjón með þeim tímum
- Skipulagningu og umsjón með heimsóknum sálfræðinga í samráði við skólastjóra

### Samstarf

Nútíma sérkennsla byggist upp á farsælu samstarfi milli sér-, fag-, og umsjónarkennara ásamt foreldrum. Teymiskennsla er órjúfanlegur hluti af sérkennslu, mikilvægt er að gott samstarf sé á milli allra aðila og var lögð ríkuleg áhersla á það meðal annars við námsefnisaðlögun og markmiða setningu nemenda. Einstaklingsnámskrár voru gerðar í samstarfi en þær eru settar uppá Mentor og eru því aðgengilegar öllum þeim sem málið varðar.

Haldnir voru teymisfundir eftir þörfum, með þeim aðilum sem málið varða ýmist umsjónarkennara, foreldrum og fulltrúa frá félags- og skólaþjónustu. Markmið þeirra er meðal annars að efla samstarf heimilis- og skóla og upplýsa foreldra um námsframvindu barna þeirra. Í vetur höfum við einnig átt mjög gott samstarf við Tröppu þjónustu með talmeinafræðing, náms- og starfsráðgjafa og einnig stuðning og ráðgjöf í sérkennslu m.a. með fyrir lögn ýmissa skimunarprófa.

### Próf og aðrar skimanir

#### *Lesfimiþróf MMS*

Lesfimiþróf MMS voru lögð fyrir í janúar, september og maí af umsjónarkennurum og sérkennara eftir því sem við á. Nokkrir nemendur höfðu verið í sérstöku lesþjálfunarverkefni í sérkennslu með það að markmiði að auka lestrarhraða þeirra. Þessi próf eru talin hafa gott forspárgildi m.a. fyrir lesskilning nemenda.

#### *Talnalykill*

Talnalykill er staðlað og markbundið próf sem ætlað er að kanna hvar nemendur standa í samanburði við aðra í sama árangri á ákveðnum þáttum stærðfræðinnar. Prófið var lagt fyrir nemendur í 3. og 10. bekk í samvinnu við Elínu Elísabetu Magnúsdóttur en hún annaðist úrlausn prófanna en sérkennari lagði prófin fyrir.

#### LOGOS

Logos er próf sem greinir dyslexíu og aðrar lestrarerfiðleika. Það er lagt fyrir eftir þörfum og sá Elín Elísabet um framkvæmd þess.

Lesskimun fyrir 2. bekk

Lesskimun sem lögð er fyrir nemendur 1. bekkjar í október ár hvert. Hún er talin hafa gott forspárgildi fyrir gegni nemenda í lestri, s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Sérkennari fylgist með niðurstöðum þessara prófa og grípur til snemmtæktrar íhlutunar ef þörf þykir í samstarfi við íslensku kennara.

#### Kennsluhættir/ skipulag kennslu

Skólinn starfar eftir skóla án aðgreiningar en í því felst að komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi. Við skipulag kennslu er þessi stefna ávallt höfð af leiðarljósi, því er reynt eftir fremsta megni að nemendur fái tækifæri til þess að sinna námi sínu eftir því sem hentar best hverju sinni. Kennslan er því ýmis inn í bekk þar sem sérkennari hefur útbúið námsefni við hæfi, sérkennari kemur inn í kennslustofu og veitir aukinn stuðning þar eða að nemandi fær einstaklingskennslu í námsveri skólans.

#### Hugleiðingar skólaársins og næsta árs

Áfram hefur verið unnið að því að byggja upp sérkennslu í Bíldudalsskóla, m.a. með tilliti til skipulags, námsefni og efla starfsmenn til kennslunnar. Auka þarf sérkennslu í leikskólanum. Mörg góð skref voru þó tekin á þessu skólaári í rétt átt. Námsmat og einstaklingsnámskrár voru gerðar sýnilegri með notkun Mentor. Haldið var áfram þróun þess að setja sérkennsluna þannig upp að hún verði hluti af öðrum kennslustundum. Þó má gera betur í þeim efnum og nýta fámenni skólans enn betur í tækifærum til þess að þróa kennsluhætti sem miða að skóla án aðgreiningar og að nemendur fá aðlagað námsefni inn í kennslustofu í stað þess að þeir séu teknir úr þeim félagslegu aðstæðum sem eiga sér stað inn í kennslustofu. Með því tapast fjölmörg góð námstækifæri. Þó ber að hafa í huga að meta verður hvert tilvik fyrir sig út frá þörfum nemandans en ekki hópsins í heild.

Á skólaárinu höfum við átt í farsælu samstarfi við Katrínu náms- og starfsráðgjafa hjá Tröppu þar sem nemendur hafa leitað til hennar í viðtalsmeðferð. Þessir tímar hafa verið mjög góð viðbót við þá þjónustu sem skólinn hefur uppá að bjóða. Auk þess hafa verið þrjú pláss í talþjálfun hjá Halldísi sem hafa verið nýtt á skólaárinu. Fyrir áramót voru þrjú pláss í grunnskóla en eftir áramót voru þau tvö og eitt á leikskóla. Þessi þjónusta Tröppu er nemendum afar mikilvæg og nauðsynlegt er að halda því áfram.

Lestrarnámskeið sem haldin voru í 3. og 4. bekk gáfu einnig góða raun og mátti sjá aukinn árangur hjá öllum þeim nemendum tóku þátt í því. Þetta er því verkefni sem mætti halda áfram með næstu árin með því markmiði að auka árangur nemenda.

Þau verkefni sem meðal annars þarf að taka fastari tókum og snúa að markmiðssetningu undirritaðar fyrir næsta skólaár er að:

- Sérkennsla og námsmat þess verði enn markvissari.

- Auka samstarf við kennara og annað starfsfólk m.a. með fundum sem haldnir með reglulegu millibili eftir því sem þurfa þykir.

3. júní 2019

Heiðdís Lind Kristinsdóttir,  
umsjón með sérkennslu